

# **Sveitarfélagið Árborg**

**Ársreikningur 2019**

<b>Efnisyfirlit</b>	<b>bls.</b>
Skýrsla bæjarstjórnar og bæjarstjóra .....	2
Áritun óháðs endurskoðanda .....	3 - 5
Rekstrarreikningur .....	6
Efnahagsreikningur .....	7 - 8
Sjóðstreymi .....	9
Skýringar .....	10 - 25
Óendurskoðað fylgiskjal:	
Yfirlýsing um stjórnarhætti og ófjárhagslegar upplýsingar .....	26

Sveitarfélagið Árborg  
Kennitala 650598-2029  
Austurvegi 2, 800 Selfoss

## Skýrsla bæjarstjórnar og bæjarstjóra

Starfsemi sveitarfélagsins er skipt í A hluta annarsvegar og B hluta hinsvegar. Til A hluta telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum en í B hluta eru fyrirtæki sem eru í eigu sveitarfélagsins og eru rekin sem sjálfstæðar einingar.

Rekstur sveitarfélagsins var með svipuðu mótí í ár og síðastliðið ár. Heildarvelta sveitarfélagsins samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi fyrir A og B hluta 2019 nam 10.294,3 mkr. og er 156 mkr. yfir áætlun. Skatttekjur sveitarfélagsins námu 7.756 mkr. og voru 119 mkr. undir áætlun. Samtals námu rekstrartekjur A hluta 9.028,7 mkr. en áætlun gerði ráð fyrir 8.794,1 mkr.

Það er álit bæjarstjórnar sveitarfélagsins að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu þess í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun, komi fram í ársreikningnum.

Rekstrarniðurstaða A hluta er neikvæð um 136,1 mkr. en áætlun gerði ráð fyrir halla upp á 98,1 mkr. Rekstrarniðurstaða samantekinna reikningsskila sveitarfélagsins er jákvæð um 111,1 mkr. og er afkoman 62 mkr. lakari en gert var ráð fyrir í áætlun.

Fjöldi ársverka á árinu var 638.

Íbúafjöldi Sveitarfélagsins Árborgar 1. desember 2019 var 10.025 en var þann 1. desember 2018 9.454. Íbúum fjölgaði því um 571 eða 6%.

### COVID-19

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar og bæjarstjóri staðfesta hér með ársreikning sveitarfélagsins og stofnana þess fyrir árið 2019 með undirritun sinni.

Selfossi, xx. maí 2020

Bæjarstjórn:

Bæjarstjóri:

## Áritun óháðs endurskoðanda

Til bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Árborgar.

## Rekstrarreikningur ársins 2019

	Skýr.	Bæjarsjóður A-hluti			Samantekin reikningskil A og B hluti		
		2019	Fjárh.áætl.	2018	2019	Fjárh.áætl.	2018
<b>Tekjur</b>	2						
Skatttekjur .....		6.094.689	6.075.971	5.528.999	6.070.647	6.043.857	5.491.469
Framlög jöfnunarsjóðs .....		1.685.317	1.724.008	1.389.054	1.685.317	1.724.008	1.389.054
Aðrar tekjur .....		1.248.732	994.144	1.082.112	2.538.291	2.370.408	2.271.164
		<u>9.028.737</u>	<u>8.794.123</u>	<u>8.000.165</u>	<u>10.294.255</u>	<u>10.138.273</u>	<u>9.151.687</u>
<b>Gjöld</b>							
Laun og launatengd gjöld .....	3,14	5.226.454	5.070.575	4.656.572	5.442.092	5.272.808	4.840.302
Breyting lífeyrisskuldbindinga .....	3	136.018	107.149	24.378	149.047	117.406	25.503
Annar rekstrarkostnaður .....		3.141.787	2.974.468	2.660.268	3.440.507	3.380.317	2.932.307
		<u>8.504.259</u>	<u>8.152.192</u>	<u>7.341.218</u>	<u>9.031.645</u>	<u>8.770.531</u>	<u>7.798.112</u>
<b>Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir</b>		524.479	641.931	658.946	1.262.609	1.367.742	1.353.575
Afskriftir .....	6	(339.304)	(358.723)	(312.574)	(510.996)	(519.359)	(462.777)
<b>Rekstrarniðurstaða án fjármagnsliða</b>		185.175	283.208	346.372	751.613	848.383	890.799
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) .....	4	(321.288)	(381.343)	(396.323)	(601.435)	(641.800)	(669.360)
<b>Rekstrarniðurstaða fyrir skatta</b>		(136.113)	(98.135)	(49.951)	150.178	206.583	221.439
Reiknaður tekjuskattur .....	12	0	0	0	(39.075)	(33.444)	(26.683)
<b>Rekstrarniðurstaða ársins</b>	5	<u>(136.113)</u>	<u>(98.135)</u>	<u>(49.951)</u>	<u>111.103</u>	<u>173.139</u>	<u>194.756</u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2019

Eignir	Skýr.	Bæjarsjóður A-hluti		Samantekin reikningsskil A og B hluti	
		2019	2018	2019	2018
<b>Fastafjármunir</b>					
Varanlegir rekstrarfjármunir:	6				
Fasteignir og lóðir .....		11.194.123	10.348.815	11.697.834	10.865.936
Veitukerfi og gatnakerfi .....		285.311	486.761	4.311.152	3.783.714
Bifreiðar, vélar, áhöld og tæki .....		233.502	216.587	348.097	244.457
		<u>11.712.935</u>	<u>11.052.163</u>	<u>16.357.082</u>	<u>14.894.106</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:					
Eignarhlutir í félögum .....	7	325.506	325.506	325.043	325.043
Langtímakröfur .....	8	98.031	245.669	120.331	267.969
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki .....		111.117	108.227	0	0
Fyrirframgreiddur kostnaður .....	14	446.025	463.847	446.025	463.847
		<u>980.679</u>	<u>1.143.248</u>	<u>891.399</u>	<u>1.056.858</u>
<b>Fastafjármunir samtals</b>		12.693.615	12.195.412	17.248.481	15.950.964
<b>Veltufjármunir</b>					
Vörubirgðir .....		0	0	24.642	23.218
Skammtímakröfur:					
Óinnheimtar tekjur .....	9	520.413	492.699	601.941	571.799
Næsta árs afb. langtímakrafna .....	8	95.568	48.335	95.568	48.335
Fyrirframgreiddur kostnaður .....	14	17.822	17.822	17.822	17.822
Viðskiptakröfur á eigin fyrirtæki .....		1.143.209	1.080.523	0	0
Aðrar skammtímakröfur .....	9	650.200	541.749	672.386	604.489
Handbært fé .....		21.276	43.299	22.979	49.123
<b>Veltufjármunir samtals</b>		<u>2.448.487</u>	<u>2.224.427</u>	<u>1.435.337</u>	<u>1.314.785</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>15.142.102</u>	<u>14.419.839</u>	<u>18.683.818</u>	<u>17.265.750</u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2019

Eigið fé og skuldir	Skýr.	Bæjarsjóður A-hluti		Samantekin reikningsskil A og B hluti	
		2019	2018	2019	2018
<b>Eigið fé</b>					
Eigið fé .....	10	2.596.907	2.306.352	5.484.032	4.960.651
<b>Skuldbindingar</b>					
Lífeyrisskuldbindingar .....	11	1.977.115	1.892.227	2.091.646	2.003.154
Tekjuskattsskuldbinding .....	12	0	0	235.865	182.401
		<u>1.977.115</u>	<u>1.892.227</u>	<u>2.327.511</u>	<u>2.185.555</u>
<b>Langtímaskuldir</b>					
Skuldir við lánastofnanir .....	13	7.413.580	7.362.082	8.678.893	8.131.041
<b>Skammtímaskuldir</b>					
Skammtímalán .....		187.168	0	244.688	0
Viðskiptaskuldir .....		274.863	292.425	335.582	480.610
Næsta árs afb. langtímaskulda .....	13	740.345	690.880	850.047	786.880
Skuldir við eigin fyrirtæki .....		1.359.653	1.323.890	0	0
Aðrar skammtímaskuldir .....		<u>592.473</u>	<u>551.983</u>	<u>763.065</u>	<u>721.013</u>
		<u>3.154.501</u>	<u>2.859.178</u>	<u>2.193.381</u>	<u>1.988.503</u>
<b>Skuldir og skuldbindingar samtals</b>		12.545.195	12.113.487	13.199.786	12.305.099
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>15.142.102</u>	<u>14.419.839</u>	<u>18.683.818</u>	<u>17.265.750</u>
<b>Aðrar upplýsingar</b>	14-15				

## Yfirlit um sjóðstreymi árið 2019

	Bæjarsjóður A-hluti			Samantekin reikningsskil A og B hluti		
	2019	Fjárh.áætl.	2018	2019	Fjárh.áætl.	2018
<b>Rekstrarhreyfingar</b>						
Hreint veltufé frá rekstri:						
Rekstrarniðurstaða ársins .....	(136.113)	(98.135)	(49.951)	111.103	173.139	194.756
Liðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:						
Söluhagnaður eigna .....	(3.141)	(26)	321	(8.605)	(26)	(131)
Afskriftir .....	339.304	358.723	312.574	510.996	519.359	462.777
Verðbætur og gengismunur .....	213.020	303.437	231.272	254.192	348.469	261.668
Arður til aðalsjóðs .....	(223.356)	0	(202.566)	0	0	0
Breyting tekjuskattsskuldbindingar .....	0	0	0	39.075	0	26.683
Breyting lífeyrisskuldbindinga .....	176.436	109.000	138.667	191.543	121.256	146.572
	<u>366.149</u>	<u>673.000</u>	<u>430.317</u>	<u>1.098.304</u>	<u>1.162.197</u>	<u>1.092.325</u>
Breytingar rekstrartengdra eigna- og skuldaliða:						
Vörubirgðir .....	0	0	0	(1.424)	0	(2.191)
Óinnheimtar tekjur .....	(27.713)	0	(6.366)	(27.713)	0	(6.366)
Aðrar skammtímakröfur .....	(108.452)	0	(208.638)	(70.324)	0	(268.291)
Skammtímaskuldir .....	22.967	0	(37.359)	(102.937)	0	56.808
	<u>(113.198)</u>	<u>0</u>	<u>(252.363)</u>	<u>(202.399)</u>	<u>0</u>	<u>(220.040)</u>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>	<u>252.951</u>	<u>673.000</u>	<u>177.954</u>	<u>895.905</u>	<u>1.162.197</u>	<u>872.285</u>
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>						
Fjárfesting í rekstrarfjármunum .....	(574.561)	(768.200)	(1.178.433)	(1.550.599)	(1.826.200)	(1.916.143)
Söluverð rekstrarfjármuna .....	4.295	1.971	980	11.900	1.971	2.996
Langtímakröfur, breyting .....	121.132	29.167	(600.305)	121.132	29.167	(622.605)
	<u>(449.135)</u>	<u>(737.062)</u>	<u>(1.777.758)</u>	<u>(1.417.568)</u>	<u>(1.795.062)</u>	<u>(2.535.752)</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>						
Greiddur arður til aðalsjóðs .....	223.356	0	202.566	0	0	0
Tekin ný langtímalán .....	600.000	950.000	1.908.117	1.200.000	1.550.000	2.088.117
Afborganir langtímalána .....	(717.892)	(708.619)	(641.016)	(833.058)	(807.728)	(739.827)
Afborganir lífeyrisskuldbindinga .....	(91.548)	(89.000)	(88.486)	(103.051)	(99.256)	(99.669)
Leigub. Árborgar ses úr samstæðu .....	0	0	0	0	0	(35.403)
Skammtímalán .....	187.168	0	0	244.688	20.000	0
Eignarhluti íbúa, breyting .....	0	0	0	(13.060)	0	(8.336)
Eigin fyrirtæki, breyting .....	(26.923)	(115.898)	(102.168)	0	0	60.873
	<u>174.160</u>	<u>36.483</u>	<u>1.279.013</u>	<u>495.519</u>	<u>663.016</u>	<u>1.265.755</u>
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>	<u>(22.024)</u>	<u>(27.580)</u>	<u>(320.790)</u>	<u>(26.144)</u>	<u>30.151</u>	<u>(397.711)</u>
Handbært fé í ársbyrjun .....	43.299	43.300	364.090	49.123	49.124	446.834
<b>Handbært fé í árslok</b>	<u>21.276</u>	<u>15.721</u>	<u>43.299</u>	<u>22.979</u>	<u>79.275</u>	<u>49.123</u>



# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### 1.1 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga og auglýsingar innanríkisráðuneytisins um reikningsskil sveitarfélaga. Ársreikningurinn byggir í meginatriðum á sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Til bæjarsjóðs (A hluta), telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum. Er þar um að ræða aðalsjóð, eignasjóð, þjónustumiðstöð, Fasteignafélag Árborgar slf og ehf og Verktækni ehf. Til B hluta teljast stofnanir og fyrirtæki sem að fullu eru í eigu Sveitarfélagsins Árborgar, en rekstur þessara fyrirtækja og stofnana er fjármagnaður með þjónustutekjum. Fyrirtæki og stofnanir sem falla undir B hluta eru Byggingasjóður aldraðra, fráveita, vatnsveita, Selfossveitur bs. og Sandvíkursetur ehf.

Við gerð reikningsskilanna samkvæmt settum reikningsskilareglum þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mat þetta sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

### 1.2 Samantekinn ársreikningur

Ársreikningur bæjarsjóðs (A hluta) og samstæðu (A og B hluta) er gerður með þeim hætti að lagðir eru saman sambærilegir liðir eigna, skulda, tekna og gjalda úr ársreikningum einstakra fyrirtækja og stofnana en öllum innbyrðis viðskiptum, inneignum og skuldum er eytt.

### 1.3 Innlausn tekna

Skatttekjur eru færðar til tekna við álagningu þeirra en til lækkunar er færð reiknuð breyting á niðurfærslu vegna óinnheimtra skatttekna. Til skatttekna telst útsvar, fasteignaskattur, lóðarleiga og framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Sala vöru og þjónustu er færð til tekna í rekstrarreikningi að frádregnum afslætti og virðisaukaskatti. Tekjufærslan er miðuð við afhendingartíma.

### 1.4 Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu skuldabréfaeignar og áfallnar vaxtatekjur vegna bankainnistæðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

Arðstekjur eru tekjufærðar þegar ákvörðun aðalfundar um arðgreiðslu í viðkomandi félögum liggur fyrir.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í íslenskar krónur á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda er færður í rekstrarreikning sem og áfallinn gengismunur á skuldir í árslok.

## Skýringar

### 1.5 Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af stofnverði. Afskriftatími eignaflokka er eftirfarandi:

Fasteignir .....	40 ár
Veitukerfi .....	10 - 40 ár
Gatnakerfi .....	25 ár
Bífreiðar, vélar, áhöld og tæki .....	5-15 ár

Afskriftir eru reiknaðar hlutfallslega innan ársins.

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Hagnaður eða tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði eigna á sóludegi og er hluti af rekstrarniðurstöðu. Þegar eignir eru seldar sem endurmetnar hafa verið sérstaklega, eru fjárhæðir á sérstöku endurmati meðal eigin fjár sem tilheyra viðkomandi eignum millifærðar á óráðstafað eigið fé.

Vaxtagjöld af lánnum sem tekin hafa verið til þess að fjármagna varanlega rekstrarfjármuni eru eignfærð á þeim tíma sem það tekur að koma þeim í nýtingarhæft ástand. Önnur vaxtagjöld eru gjaldfærð í rekstrarreikningi.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann verður til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbæturnar hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími verður lengri. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Lóðir og lendur eru endurmetnar með reglubundnum hætti. Á hverjum reikningsskiladegi er yfirfarið hvort gangvirði þessara eigna hafi vikið verulega frá bókfærðu verði þeirra. Sé um verulegt frávik að ræða eru þær endurmetnar. Í þessu samhengi er frávik talið verulegt ef það nemur 5% eða meira frá bókfærðu verði. Verðmatsbreytingar vegna þessa endurmats eru færðar á eiginfjárreikning.

### 1.6 Eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir í félögum eru færðir á kostnaðarverði eða dagverði sé það lægra.

### 1.7 Birgðir

Vörubirgðir eru metnar á kostnaðarverði.

### 1.8 Óinnheimtar tekjur

Óinnheimtar tekjur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum sveitarfélagsins.

### 1.9 Handbært fé og ígildi þess

Handbært fé samkvæmt sjóðstreymi samanstandur af sjóði og óbundnum bankainnistæðum. Yfirdráttur á bankareikningum er sýndur meðal skammtímaskulda í efnahagsreikningi.

### 1.10 Eignir utan efnahagsreiknings

Fjárfesting í lausafjármunum og gatnagerðarframkvæmdum sem áður hefur verið gjaldfærð er ekki færð til eignar í efnahagsreikningi.

## Skýringar

### 1.11 Lífeyrisskuldbinding

Lífeyrisskuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna sveitarfélagsins er færð til skuldar í efnahagsreikningi á grundvelli tryggingafræðilegrar úttektar í árslok 2019. Breyting á skuldbindingunni er gjaldfærð í rekstrarreikningi sbr. skýringu nr. 11.

### 1.12 Tekjuskattsskuldbinding

Mismunur reiknaðs tekjuskatts samkvæmt rekstrarreikningi og þess tekjuskatts, sem reiknast af skattskyldum hagnaði ársins og fellur til greiðslu á næsta reikningsári, færist til skuldar í efnahagsreikningi sem tekjuskattsskuldbinding. Mismunur þessi stafar af því að skattskyldur hagnaður samkvæmt skattframtali miðast við aðrar forsendur heldur en hagnaður fyrir skatta samkvæmt rekstrarreikningi, og er þar í meginatriðum um að ræða tímamismun vegna innlausnar tekna og gjalda.

Tekjuskattsskuldbindingin svarar að jafnaði til þess tekjuskatts, sem eftir gildandi skattalögum kæmi til greiðslu, ef eignir félagsins væru seldar eða innleystar á bókfærðu verði.

### 1.13 Verðtryggðar eignir og skuldir

Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í ársbyrjun 2020. Áfallnar verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í rekstrarreikning.

### 1.14 Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun með viðaukum fyrir árið 2019 er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi, yfirliti um sjóðstreymi og skýringum.

### 1.15 Samanburðarfjárhæðir

Þar sem það hefur átt við hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

## Skýringar

### 2. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur greinast þannig:

	Bæjarsjóður		Samantekin reikningsskil	
	2019	Áætlun	2019	Áætlun
Skatttekjur:				
Útsvar .....	5.219.019	5.168.252	5.219.019	5.168.252
Fasteignaskattar .....	708.188	748.039	684.146	715.925
Lóðarleiga .....	167.482	159.680	167.482	159.680
	<u>6.094.689</u>	<u>6.075.971</u>	<u>6.070.647</u>	<u>6.043.857</u>
Jöfnunarsjóður:				
Tekjujöfnunarframlag .....	619.328	521.769	619.328	521.769
Rekstrarframlag grunnskóla .....	500.983	475.400	500.983	475.400
Framlag vegna fasteignaskattstekna .....	140.751	161.628	140.751	161.628
Framlag vegna nýbúa .....	13.780	13.130	13.780	13.130
Framlag vegna fatlaðra .....	410.474	552.081	410.474	552.081
	<u>1.685.317</u>	<u>1.724.008</u>	<u>1.685.317</u>	<u>1.724.008</u>
Skatttekjur samtals .....	7.780.006	7.799.979	7.755.964	7.767.865
Aðrar tekjur .....	1.248.732	994.144	2.538.291	2.370.408
Rekstrartekjur samtals	<u>9.028.737</u>	<u>8.794.123</u>	<u>10.294.255</u>	<u>10.138.273</u>
Íbúafjöldi .....	10.025	9.967	10.025	9.967
Skatttekjur á íbúa .....	776	783	774	779

### 3. Rekstrargjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	Bæjarsjóður		Samantekin reikningsskil	
	2019	Áætlun	2019	Áætlun
Laun .....	4.230.888	4.115.727	4.407.485	4.281.033
Launatengd gjöld .....	977.744	954.848	1.016.785	991.775
Breyting á lífeyrisskuldbindingu .....	136.018	107.149	149.047	117.406
Lífeyrissjóðurinn Brú .....	17.822	0	17.822	0
	<u>5.362.472</u>	<u>5.177.724</u>	<u>5.591.139</u>	<u>5.390.214</u>

Laun og launatengd gjöld bæjarstjórnar, bæjarráðs og bæjarstjóra námu 59,9 mkr. á árinu 2019.

## Skýringar

### 4. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:

	Bæjarsjóður		Samantekin reikningsskil	
	2019	Áætlun	2019	Áætlun
Vaxtatekjur .....	89.084	89.900	28.825	32.053
Tekjur af eignarhlutum í félögum .....	11.896	12.000	11.896	12.000
Framlag eigin stofnana .....	223.356	180.277	0	0
Vaxtagjöld og verðbætur .....	(645.624)	(663.519)	(642.156)	(685.853)
	<u>(321.288)</u>	<u>(381.343)</u>	<u>(601.435)</u>	<u>(641.800)</u>

### 5. Heildaryfirlit um rekstur

	Gjöld	Tekjur	Mismunur	Áætlun
<b>Aðalsjóður:</b>				
Skatttekjur .....	0	7.947.485	7.947.485	7.916.153
Félagsþjónusta .....	1.624.843	444.625	(1.180.218)	(1.278.383)
Heilbrigðismál .....	2.912	0	(2.912)	0
Fræðslu- og uppeldismál .....	4.984.706	408.232	(4.576.475)	(4.399.219)
Meningarmál .....	226.442	3.196	(223.246)	(223.978)
Æskulýðs- og íþróttamál .....	1.444.250	662.028	(782.223)	(780.720)
Brunamál og almannavarnir .....	116.937	0	(116.937)	(117.926)
Hreinlætismál .....	372.431	254.893	(117.538)	(90.757)
Skipulags- og byggingarmál .....	324.305	38.080	(286.226)	(240.467)
Umferðar- og samgöngumál .....	313.338	3.614	(309.724)	(328.866)
Umhverfismál .....	136.271	405	(135.866)	(199.037)
Atvinnumál .....	44.645	1.135	(43.510)	(45.192)
Sameiginlegur kostnaður .....	591.736	179.224	(412.512)	(355.719)
Breyting lífeyrisskuldbindinga .....	153.840	0	(153.840)	(107.590)
Fjármagnsliðir .....	305.108	654.851	349.743	282.670
Millivelta .....	(825.604)	(825.604)	0	0
Aðalsjóður samtals .....	<u>9.816.161</u>	<u>9.772.163</u>	<u>(43.998)</u>	<u>30.969</u>
<b>Eignasjóður</b>				
Þjónustumiðstöð .....	812.136	1.019.476	207.340	145.836
Fasteignafélag Árborgar .....	216.754	154.266	(62.488)	(41.254)
Fasteignafélag Árborgar .....	507.700	272.830	(234.871)	(236.127)
Verktækni ehf .....	14.097	12.000	(2.097)	2.442
Millivelta .....	(1.547.146)	(1.547.146)	0	0
Bæjarsjóður samtals .....	<u>9.819.701</u>	<u>9.683.588</u>	<u>(136.113)</u>	<u>(98.135)</u>
<b>Byggingasjóður aldraðra</b>				
Fráveita .....	67.767	38.945	(28.822)	(18.239)
Vatnsveita .....	183.422	362.229	178.806	170.713
Vatnsveita .....	220.314	328.370	108.056	127.044
Selfossveitur .....	774.980	799.400	24.420	20.067
Sandvíkursetur ehf .....	56.333	21.088	(35.245)	(28.311)
Millivelta .....	(284.515)	(284.515)	0	0
Sjóðir í B-hluta samtals .....	<u>1.018.301</u>	<u>1.265.517</u>	<u>247.216</u>	<u>271.273</u>
<b>Samantekið samtals</b>	<u>10.838.003</u>	<u>10.949.106</u>	<u>111.103</u>	<u>173.139</u>

## Skýringar

### 6. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir þeirra sem reiknaðar eru sem fastur hundraðshluti, greinast þannig:

	Fasteignir og lóðir	Gatnakerfi	Bifreiðar, vélar, áhöld og tæki	Samtals
Bæjarsjóður:				
Bókfært verð 1/1 .....	10.348.815	486.761	216.587	11.052.163
Viðbót á árinu .....	684.459	(174.591)	64.694	574.561
Endurmat leigulóða .....	426.668			426.668
Selt á árinu .....			(1.154)	(1.154)
Afskrifað á árinu .....	(265.819)	(26.859)	(46.625)	(339.304)
Bókfært verð 31/12 .....	11.194.123	285.311	233.502	11.712.935

	Fasteignir og lóðir	Veitu- og gatnakerfi	Bifreiðar, vélar, áhöld og tæki	Samtals
Samantekið:				
Bókfært verð 1/1 .....	10.865.936	3.783.714	244.457	14.894.106
Viðbót á árinu .....	692.174	694.271	164.154	1.550.599
Endurmat leigulóða .....	426.668			426.668
Selt á árinu .....			(3.295)	(3.295)
Afskrifað á árinu .....	(286.944)	(166.833)	(57.219)	(510.996)
Bókfært verð 31/12 .....	11.697.834	4.311.152	348.097	16.357.082

Vátryggingarverðmæti, fasteignamat og bókfært verð varanlegra rekstrarfjármuna sveitarsjóðs og B hluta stofnana, greinist þannig í árslok:

	Vátryggingar- verðmæti	Fasteigna- mat	Bókfært verð
Bæjarsjóður:			
Skólahúsnæði .....	8.339.150	3.908.370	3.117.511
Leikskólar .....	1.711.764	859.953	678.407
Íþróttahús og sundlaugar .....	1.147.430	512.950	1.411.724
Þjónustuhúsnæði .....	2.791.060	1.396.510	2.225.565
Gatnakerfi .....			285.311
Vélar og áhöld .....			233.502
Leigulóðir .....			3.760.915
Samtals bæjarsjóður .....	13.989.404	6.677.783	11.712.935

## Skýringar

	Vátryggingar- verðmæti	Fasteigna- mat	Bókfært verð
B-hluta stofnanir:			
Íbúðarhúsnæði .....	931.950	703.750	114.936
Veitukerfi .....			4.025.841
Aðrar fasteignir .....	1.380.056	914.030	388.776
Aðrir rekstrarfjármunir .....			114.595
Samtals B-hluta stofnanir .....	<u>2.312.006</u>	<u>1.617.780</u>	<u>4.644.147</u>
Samantekið samtals .....	<u>16.301.410</u>	<u>8.295.563</u>	<u>16.357.082</u>

Samkvæmt reikningsskilaaðferð sveitarfélaga hafa tiltekna eignir sveitarfélagsins verið gjaldfærðar og því ekki færðar í efnahagsreikning.

### Viðlagatrygging

Samkvæmt ákvæðum laga og reglugerðar um viðlagatryggingu eru veitumannvirki tryggð vegna náttúruhamfara. Tryggingaverðmæti fráveitu nemur 8.563,3 mkr., vatnsveitu 5.719 mkr. og hitaveitu 8.181,6 mkr.

### Lausafjármunir

Tryggingarverð lausafjármuna greinist þannig:

Ráðhús og bókasafn .....	442.364
Íþróttamannvirki .....	46.399
Skólahúsnæði .....	376.270
Áhaldahús .....	121.231
Leikskólar og gæsluvellir .....	127.181
Félagsmiðstöð/ungmennahús .....	9.830
Sandvíkursetur .....	12.569
Íbúðir aldraðra .....	19.232
Selfossveitur .....	<u>52.080</u>
	<u>1.207.156</u>

## Skýringar

### 7. Eignarhlutir í félögum

Bókfært verð eignarhluta í öðrum félögum greinist þannig:

	Bæjarsjóður	Samantekið
Íslenska vindorkufélagið ehf .....	193	193
Lánasjóður sveitarfélaga ohf .....	270.102	270.102
Landskerfi bókasafna hf. ....	1.554	1.554
Sandvíkursetur ehf .....	500	0
Borgarþróun ehf .....	16.048	16.048
Netorka hf .....	0	36
Norðurvegur ehf .....	600	600
Eignarhaldsfélag Suðurlands hf. ....	36.510	36.510
	<u>325.506</u>	<u>325.043</u>

Sveitarfélagið Árborg á 100% eignarhlut í Borgarþróun ehf. Eigið fé félagsins var í árslok 2018, 32,4 mkr. Ársreikningur Borgarþróunar ehf vegna ársins 2019 lá ekki fyrir við lok reikningsskila Sveitarfélagsins Árborgar. Félagið hefur ekki verið tekið inn í samstæðureikningsskil sveitarfélagsins.

### 8. Langtímakröfur

	Bæjarsjóður	Samantekið
Verðtryggðar kröfur, meðalvextir 3,9% .....	124.300	124.300
Óverðtryggðar kröfur, meðalvextir 4,8% .....	124.093	124.093
Óverðtryggðar kröfur, vextir 0% .....	0	22.300
Niðurfært .....	(54.794)	(54.794)
Verðbréfaeign samtals að meðtöldum næsta árs afborgunum .....	193.599	215.899
Næsta árs afborganir .....	(95.568)	(113.389)
	<u>98.031</u>	<u>102.509</u>

Afborganir af verðbréfaeign greinast þannig á næstu ár:

Árið 2020 .....	95.568	95.568
Árið 2021 .....	29.701	29.701
Árið 2022 .....	2.705	25.005
Árið 2023 .....	1.000	1.000
Árið 2024 .....	967	967
Síðar .....	63.657	63.657
	<u>193.599</u>	<u>215.899</u>



## Skýringar

### 9. Skammtímakröfur

Niðurfærsla ónnheimtra tekna, skammtímakrafna og verðbréfaeignar greinist þannig:

	Bæjarsjóður	Samantekið
Afskriftareikningur í ársbyrjun .....	336.379	385.550
Breytingar afskriftaframlags á árinu .....	8.095	9.630
Afskriftareikningur í árslok .....	<u>344.474</u>	<u>395.180</u>

### 10. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikning:

	Bæjarsjóður	Samantekið
Yfirfært frá fyrra ári .....	2.306.352	4.960.651
Breyting á tekjuskattsskuldbindingu .....		(14.390)
Endurmat lóða og lendna .....	426.668	426.668
Rekstrarniðurstaða ársins .....	(136.113)	111.103
Eigið fé 31/12 .....	<u>2.596.907</u>	<u>5.484.032</u>

### 11. Lífeyrisskuldbinding

Áfallin lífeyrisskuldbinding er færð í ársreikninginn. Um er að ræða áætlaðan hluta launagreiðanda í áfallinni lífeyrisskuldbindingu vegna starfsmanna sveitarfélagsins í B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Útreikningurinn, sem miðast við árslok 2019, er gerður af tryggingastærðfræðingi eftir sömu forsendum og notaðar eru við úttekt á B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Hluttur launagreiðanda er áætlaður 52% í bæjarsjóði og 67% í Selfossveitum.

Breyting lífeyrisskuldbindingar greinist þannig:	Bæjarsjóður	Samantekið
Lífeyrisskuldbinding 1/1 .....	1.892.227	2.003.154
Greiddur lífeyrir .....	(91.548)	(103.051)
Breyting á árinu .....	176.436	191.543
	<u>1.977.115</u>	<u>2.091.646</u>

Núvirði áætlaðra greiðslna vegna lífeyrisskuldbindingar greinist þannig á næstu ár:

	Bæjarsjóður	Samantekið
Árin 2020-2024 .....	458.425	504.961
Árin 2025-2029 .....	469.007	501.403
Árin 2030-2034 .....	411.161	428.799
Síðar .....	638.522	656.483
	<u>1.977.115</u>	<u>2.091.646</u>

## Skýringar

### 12. Tekjuskattsskuldbinding

Tekjuskattsskuldbinding 1.1. ....	(182.401)
Reiknaður tekjuskattur af rekstrarniðurstöðu ársins .....	(39.075)
Breyting á tekjuskattsskuldbindingu .....	(14.390)
	<u>(235.865)</u>

Tekjuskattsinneign (-skuldbinding) greinist þannig á eftirfarandi liði:

Varanlegir rekstrarfjármunir .....	(270.659)
Eignarhlutir í félögum .....	13
Viðskiptakröfur .....	16.295
Vörubirgðir .....	(463)
Yfirfæranlegt skattalegt tap .....	18.949
	<u>(235.865)</u>

### 13. Langtímaskuldir

Bæjarsjóður:	Staða 1.1.2019	Ný lán	Afborganir	Verðbætur	Eftirstöðvar 31.12.2019
Verðtryggð lán .....	8.052.961	600.000	(717.892)	218.856	8.153.925
<b>Samantekið:</b>	<b>Staða 1.1.2019</b>	<b>Ný lán</b>	<b>Afborganir</b>	<b>Verðbætur</b>	<b>Eftirstöðvar 31.12.2019</b>
Verðtryggð lán .....	8.917.921	1.200.000	(846.117)	257.137	9.528.940
Yfirlit um langtímaskuldir:				Bæjarsjóður	Samantekið
Innlend verðtryggð lán, meðalvextir 3,47% .....				8.153.925	9.528.940
Næsta árs afborganir .....				(740.345)	(850.047)
				<u>7.413.580</u>	<u>8.678.893</u>

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig á næstu ár:

Árið 2020 .....	740.345	850.047
Árið 2021 .....	744.299	855.872
Árið 2022 .....	748.427	862.436
Árið 2023 .....	753.639	849.508
Árið 2024 .....	576.763	661.269
Síðar .....	4.590.452	5.449.544
Langtímaskuldir samtals, þar með taldar næsta árs afborganir .....	<u>8.153.925</u>	<u>9.528.676</u>

## Skýringar

### 14. Samkomulag við Brú lífeyrissjóð vegna A-deildar

Þann 19. september 2016 gerðu Bandalag háskólamanna, BSRB og Kennarasamband Íslands, annars vegar og fjármála- og efnahagsráðherra og Samband íslenskra sveitarfélaga hins vegar, með sér samkomulag um breytingar á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna. Breytingarnar voru samþykktar á Alþingi með lögum nr. 127/2016 en þær fela meðal annars í sér breytingu á réttindaávinnslu lífeyrisréttinda í A-deild LSR og Brúar (Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga) úr jafnri réttindaávinnslu í aldurstengda, auk þess sem lífeyristökualdur er hækkaður úr 65 árum í 67 ár. Við breytingar eru réttindi virkra sjóðsfélaga tryggð með sérstökum framlögum til sjóðanna af hálfu launagreiðenda.

Samhliða því gerðu fjármála- og efnahagsráðherra og Samband íslenskra sveitarfélaga með sér samning um fjármögnun lífeyrisskuldbindinga A-deilda LSR og Brúar með fjáframlögum til sjóðanna, dags. 19. september 2016. Samkvæmt 8. gr. samningsins var hann gerður meðal annars með þeim fyrirvara að hann skyldi óðlast gildi gagnvart einstökum sveitarfélögum og aðilum þeim tengdum við samþykkt stjórna viðkomandi aðila á uppgjöri þeirra á skuldbindingum sem myndast í A-deild Brúar.

Á árinu 2017 voru samþykkt bráðabirgðaákvæði (nr. 792/2017) við reglugerð nr. 1212/2015 þar sem mælt er fyrir um reikningshaldslega meðferð ofangreinds uppgjors.

Í janúar 2018 samþykkti bæjarstjórn Árborgar samkomulag um uppgjör við Brú á grundvelli ofangreinds og var samkomulagið undirritað í febrúar 2018. Uppgjörið miðaði við tryggingafræðilega stöðu sjóðsins þann 31. maí 2017.

Framlög vegna Lífeyrisaukasjóðs og Varúðarsjóðs vegna uppgjorsins eru eignfærð sem fyrirframgreiddur kostnaður. Krafan er gjaldfærð á 20 árum vegna Varúðarsjóðs og 30 árum vegna Lífeyrisaukasjóðs og er gjaldfærsla ársins alls 17,8 mkr. færð í rekstur meðal launa og tengdra gjalda.

Fyrirframgreiddur kostnaður greinist þannig:

	Bæjarsjóður	Samantekið
Fyrirframgreiddur kostnaður .....	446.025	446.025
Næsta árs gjaldfærsla, færð meðal veltufjármuna .....	17.822	17.822
Fyrirframgreiddur kostnaður alls .....	<u>463.847</u>	<u>463.847</u>

Samkvæmt breytingu á reglugerð nr. 502/2012 er heimilt að draga umrædda fyrirframgreiðslu frá við útreikning á skuldaviðmiði frá og með árinu 2018.

## Skýringar

### 15. Aðrar upplýsingar

#### Ábyrgðarskuldbinding

Bæjarsjóður ber ábyrgð á láni sem Héraðsnefnd Árnesinga bs. tók til að fjármagna viðbyggingu við Fjölbrautaskóla Suðurlands. Eftirstöðvar lánsins í árslok 2019 voru um 279,5 mkr. Lánið er á nafni Hérðasnefndar og greiða aðildarsveitarfélög það niður með framlögum til nefndarinnar.

Bæjarsjóður ber ábyrgð á lánum sem Brunavarnir Árnessýslu tóku vegna fjárfestinga til slökkvistarfa. Eftirstöðvar þeirra í árslok 2019 voru 392 mkr. Lánin eru á nafni Brunavarna Árnessýslu og greiða aðildarsveitarfélögin þau niður með framlögum.

Fasteignafélag Árborgar slf hefur keypt ábyrgð vegna endurgreiðslu á innskatti af byggingarkostnaði Fasteignafélagsins Árborgar slf að fjárhæð 57 mkr.

Bæjarsjóður ber ábyrgð á lánum sem Leigubústaðir Árborgar ses. yfirtóku við kaup félagsins á öllum eignum Leigubústaða Árborgar ehf. Eftirstöðvar lánanna í árslok 2019 voru 535,2 mkr.

#### Önnur atriði

Sveitarfélagið er eignaraðili að Brunavörnum Árnessýslu og Sorpstöð Suðurlands bs. ásamt öðrum sveitarfélögum, en félög þessi eru rekin sem sjálfstæð fyrirtæki þessara sveitarfélaga. Gerð eru sérstök reikningsskil fyrir fyrirtækin.

Í kjölfar samnings milli Flóahrepps og Sveitarfélagsins Árborgar, um öflun og sölu vatns til Flóahrepps var farið út í ýmsar framkvæmdir við að leggja nýja stofna og styrkja dreifikerfi Vatnsveitu Flóahrepps og Vatnsveitu Árborgar að sveitarfélagamörkum Árborgar og Flóahrepps. Landsvirkjun sá um framkvæmdirnar. Í samningnum um öflun og sölu vatns, sem gerður var milli Flóahrepps og Sveitarfélagsins Árborgar dags. 26. apríl 2010, kemur fram að Flóahreppur eignist inneign sem svarar til kostnaðar Landsvirkjunar við framkvæmdir innan Árborgar og að inneignin skuli koma til greiðslu vatnsgjalds fyrir mælda vatnsnotkun.

#### Tengdir aðilar

Aðal- og varamenn í bæjarstjórn auk æðstu stjórnenda sveitarfélagsins eru skilgreindir sem tengdir aðilar sveitarfélagsins. Makar þessara aðila og ófjárráða börn og aðrir fjárhagslega háðir einstaklingar falla einnig undir skilgreininguna ásamt fyrirtækjum í eigu eða undir stjórn þessara aðila.

Sveitarfélagið hefur átt viðskipti við tengda aðila á árinu. Viðskipti sveitarfélagsins við tengda aðila eru á sömu forsendum og þegar um ótengda aðila er að ræða og eru skilyrði og skilmálar viðskiptanna sambærileg og við ótengda aðila. Við ákvörðun um viðskipti við tengda aðila er farið að hæfisreglum 20. gr. sveitarstjórnarlaga.

## Skýringar

### 16. Lykiltölur

Lykiltölur fyrir A-hluta - 5 ára yfirlit:

	Áætlun með viðaukum 2019	Ársreikningar				
		2019	2018	2017	2016	2015
<b>Ýmsar lykiltölur</b>						
<b>Í hlutfalli við rekstrartekjur (%)</b>						
Framlegð (EBITDA).....	7,3%	5,8%	8,2%	8,2%	6,6%	5,1%
Rekstrarniðurstaða.....	-1,1%	-1,5%	-0,6%	0,2%	-3,3%	-6,0%
Veltufé frá rekstri.....	7,7%	4,1%	5,4%	7,0%	7,7%	3,6%
Fjárfesting í varanl. rekstrarfjármunum.....	8,4%	5,0%	22,2%	2,8%	3,7%	11,6%
Heildarskuldir og skuldb. - skuldahlutfall.....	143,5%	138,9%	151,4%	142,9%	153,3%	167,5%
<b>Önnur hlutföll</b>						
Langt.sk. og skuldb. / veltufé frá rekstri (ár).....	14,5	25,6	21,5	15,0	15,3	35,2
Veltufé frá rekstri / afb. skulda og skuldb.....	0,8	0,5	0,6	0,7	0,7	0,3
Veltufjárhlutfall.....	0,8	0,8	0,8	0,8	0,7	0,7
<b>Fjárhagsleg viðmið sveitarstjórnarlaga</b>						
Jafnvægisregla.....	-1,1%	-1,5%	-0,6%	0,2%	-3,3%	-6,0%
Skuldaviðmið.....	131,2%	126,9%	138,1%	134,4%	143,6%	157,3%
<b>Í hlutfalli við rekstrartekjur (%)</b>						
Útsvar .....	58,8%	57,8%	59,6%	58,1%	56,5%	55,7%
Fasteignaskattur .....	8,5%	7,8%	7,8%	7,9%	7,7%	8,1%
Framlög Jöfnunarsjóðs .....	19,6%	18,7%	17,4%	17,4%	17,7%	17,8%
Lóðarleiga .....	1,8%	1,9%	1,7%	1,7%	1,7%	1,8%
Skatttekjur samtals .....	88,7%	86,2%	86,5%	85,1%	83,7%	83,4%
Aðrar tekjur .....	11,3%	13,8%	13,5%	14,9%	16,3%	16,6%
	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%
Laun og launatengd gjöld .....	57,7%	57,9%	58,2%	59,5%	59,4%	61,2%
Lífeyrisskuldbinding, breyting .....	1,2%	1,5%	0,3%	-0,1%	2,2%	0,4%
Annar rekstrarkostnaður .....	33,8%	34,8%	33,3%	32,4%	31,9%	33,4%
Framlegð (EBITDA).....	7,3%	5,8%	8,2%	8,2%	6,6%	5,1%
Afskriftir .....	4,1%	3,8%	3,9%	4,0%	4,3%	4,5%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) .....	4,3%	3,6%	5,0%	4,0%	5,5%	6,6%
Rekstrarniðurstaða .....	-1,1%	-1,5%	-0,6%	0,2%	-3,3%	-6,0%
<b>Í þúsundum króna á íbúa:</b>						
<b>Rekstur</b>						
Skatttekjur .....	783	776	732	698	655	605
Aðrar tekjur .....	100	125	114	123	128	121
Laun og launatengd gjöld .....	(519)	(535)	(495)	(487)	(482)	(447)
Annar rekstrarkostnaður .....	(298)	(313)	(281)	(266)	(250)	(242)
Afskriftir .....	(36)	(34)	(33)	(33)	(34)	(33)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) .....	(38)	(32)	(42)	(32)	(43)	(48)
Rekstrarniðurstaða .....	(10)	(14)	(5)	2	(26)	(44)
<b>Efnahagur:</b>						
Eignir .....	1.488	1.510	1.525	1.374	1.372	1.393
Eigið fé .....	222	259	244	202	172	178
Skuldir og skuldbindingar .....	1.266	1.251	1.281	1.172	1.200	1.216
<b>Sjóðstreymi</b>						
Veltufé frá rekstri .....	68	37	46	58	60	26
Handbært fé frá rekstri .....	68	25	19	75	75	9
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	77	57	125	21	27	82
Íbúafjöldi .....	9.967	10.025	9.454	8.958	8.471	8.201
Breyting frá fyrra ári% .....		6,0%	5,5%	5,7%	3,3%	2,1%

## Skýringar

### 16. Lykiltölur, framhald

Lykiltölur fyrir A og B hluta - 5 ára yfirlit:

	Áætlun með viðaukum 2019	Ársreikningar				
		2019	2018	2017	2016	2015
<b>Ýmsar lykiltölur</b>						
<b>Í hlutfalli við rekstrartekjur (%)</b>						
Framlegð (EBITDA).....	13,5%	12,3%	14,8%	15,2%	13,2%	13,5%
Rekstrarniðurstaða.....	1,7%	1,1%	2,1%	5,3%	1,4%	-0,3%
Veltufé frá rekstri.....	11,5%	10,7%	11,9%	13,8%	13,7%	11,1%
Fjárfesting í varanl. rekstrarfjármunum.....	17,7%	13,8%	27,7%	6,7%	6,0%	11,8%
Heildarskuldir og skuldb. - skuldahlutfall.....	132,6%	128,2%	134,5%	131,6%	142,4%	157,4%
<b>Önnur hlutföll</b>						
Langt.sk. og skuldb. / veltufé frá rekstri (ár).....	9,8	10,0	9,4	7,9	8,8	11,8
Veltufé frá rekstri / afb. skulda og skuldb.....	1,3	1,2	1,3	1,3	1,2	0,9
Veltufjárhluftfall.....	0,6	0,7	0,7	0,8	0,6	0,6
<b>Fjárhagsleg viðmið sveitarstjórnarlags</b>						
Jafnvægisregla.....	1,7%	1,1%	2,1%	5,3%	1,4%	-0,3%
Skuldaviðmið.....	119,8%	117,5%	122,6%	124,0%	133,7%	148,4%
<b>Í hlutfalli við rekstrartekjur (%)</b>						
Útsvar .....	51,0%	50,7%	52,1%	50,4%	49,1%	47,9%
Fasteignaskattur .....	7,1%	6,6%	6,4%	6,4%	6,3%	6,6%
Framlög Jöfnunarsjóðs .....	17,0%	16,4%	15,2%	15,1%	15,4%	15,3%
Lóðarleiga .....	1,6%	1,6%	1,5%	1,5%	1,5%	1,6%
Skatttekjur samtals .....	76,6%	75,3%	75,2%	73,4%	72,3%	71,4%
Aðrar tekjur .....	23,4%	24,7%	24,8%	26,6%	27,7%	28,6%
	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%
Laun og launatengd gjöld .....	52,0%	52,9%	52,9%	53,6%	53,7%	54,6%
Lífeyrisskuldbinding, breyting .....	1,2%	1,4%	0,3%	0,0%	2,0%	0,4%
Annar rekstrarkostnaður .....	33,3%	33,4%	32,0%	31,2%	31,1%	31,5%
Framlegð (EBITDA).....	13,5%	12,3%	14,8%	15,2%	13,2%	13,5%
Afskriftir .....	5,1%	5,0%	5,1%	5,1%	5,8%	6,1%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) .....	6,7%	6,2%	7,6%	4,8%	6,0%	7,8%
Rekstrarniðurstaða .....	1,7%	1,1%	2,1%	5,3%	1,4%	-0,4%
<b>Í þúsundum króna á íbúa:</b>						
<b>Rekstur</b>						
Skatttekjur .....	779	774	728	694	651	601
Aðrar tekjur .....	238	253	240	251	249	241
Laun og launatengd gjöld .....	(541)	(558)	(515)	(506)	(502)	(463)
Annar rekstrarkostnaður .....	(339)	(343)	(310)	(295)	(280)	(266)
Afskriftir .....	(52)	(51)	(49)	(48)	(52)	(51)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) .....	(68)	(64)	(74)	(45)	(54)	(65)
Rekstrarniðurstaða .....	17	11	21	50	13	(3)
<b>Efnahagur:</b>						
Eignir .....	1.863	1.864	1.826	1.711	1.704	1.743
Eigið fé .....	515	547	525	467	422	416
Skuldir og skuldbindingar .....	1.348	1.317	1.302	1.243	1.282	1.326
<b>Sjóðstreymi</b>						
Veltufé frá rekstri .....	117	110	116	131	124	94
Handbært fé frá rekstri .....	117	89	92	152	140	74
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	183	153	202	62	53	96
Íbúafjöldi .....	9.967	10.025	9.454	8.958	8.471	8.201
Breyting frá fyrra ári% .....		6,0%	5,5%	5,7%	3,3%	2,1%

## Skýringar

### Samanburður rekstraráætlana

Í neðangreindu yfirliti er gerð grein fyrir rekstraráætlun fyrir árið 2019 samkvæmt upphaflega samþykktri fjárhagsáætlun sveitarfélagsins, samþykktum viðaukum og fjárhagsáætlun með viðaukum. Fjárhagsáætlun með viðaukum er birt í rekstrarreikningi og öðrum skýringum ársreikningsins til samanburðar við rauntölur ársins.

	Bæjarsjóður A hluti			Samantekin reikningsskil A og B hluti		
	Upphafleg fjárhags- áætlun	Viðaukar við fjárhags- áætlun	Fjárhags- áætlun með viðaukum	Upphafleg fjárhags- áætlun	Viðaukar við fjárhags- áætlun	Fjárhags- áætlun með viðaukum
<b>Tekjur</b>						
Skatttekjur .....	6.015.971	60.000	6.075.971	5.983.857	60.000	6.043.857
Framlög jöfnunarsjóðs .....	1.724.008	0	1.724.008	1.724.008	0	1.724.008
Aðrar tekjur .....	994.118	26	994.144	2.370.382	26	2.370.408
	<u>8.734.097</u>	<u>60.026</u>	<u>8.794.123</u>	<u>10.078.247</u>	<u>60.026</u>	<u>10.138.273</u>
<b>Gjöld</b>						
Laun og launatengd gjöld .....	4.969.974	100.601	5.070.575	5.170.208	102.600	5.272.808
Breyting lífeyrisskuldbindingar .....	109.000	(1.851)	107.149	121.256	(3.850)	117.406
Annar rekstrarkostnaður .....	2.843.168	131.300	2.974.468	3.249.017	131.300	3.380.317
	<u>7.922.142</u>	<u>230.050</u>	<u>8.152.192</u>	<u>8.540.481</u>	<u>230.050</u>	<u>8.770.531</u>
<b>Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir</b>	811.955	(170.024)	641.931	1.537.766	(170.024)	1.367.742
Afskriftir .....	(361.596)	2.873	(358.723)	(524.457)	5.098	(519.359)
<b>Rekstrarniðurstaða án fjármagnsliða</b>	450.359	(167.151)	283.208	1.013.310	(164.926)	848.383
Fjármagnsliðir .....	(383.305)	1.963	(381.343)	(456.413)	(185.387)	(641.800)
Reiknaður tekjuskattur .....	0	0	0	(33.444)	0	(33.444)
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<u>67.054</u>	<u>(165.189)</u>	<u>(98.135)</u>	<u>523.453</u>	<u>(350.313)</u>	<u>173.139</u>

## Skýringar

### Samanburður sjóðstreymisáætlana

Í neðangreindu yfirliti er gerð grein fyrir sjóðstreymisáætlun fyrir árið 2019 samkvæmt upphaflega samþykktri fjárhagsáætlun sveitarfélagsins, samþykktum viðaukum og fjárhagsáætlun með viðaukum. Fjárhagsáætlun með viðaukum er birt í sjóðstreymisyfirliti og öðrum skýringum ársreikningsins til samanburðar við rauntölur ársins.

	Bæjarsjóður A hluti			Samantekin reikningskil A og B hluti		
	Upphafleg fjárhags- áætlun	Viðaukar við fjárhags- áætlun	Fjárhags- áætlun með viðaukum	Upphafleg fjárhags- áætlun	Viðaukar við fjárhags- áætlun	Fjárhags- áætlun með viðaukum
<b>Rekstrarhreyfingar</b>						
Rekstrarniðurstaða ársins .....	67.054	(165.189)	(98.135)	523.453	(350.314)	173.139
Liðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:						
Söluhagnaður .....	0	(26)	(26)	0	(26)	(26)
Afskriftir .....	361.596	(2.873)	358.723	524.457	(5.098)	519.359
Verðbætur .....	285.095	18.342	303.437	331.132	17.337	348.469
Breyting á skuldbindingu .....	109.000	0	109.000	121.256	0	121.256
Veltufé frá rekstri .....	822.745	(149.746)	673.000	1.500.297	(338.101)	1.162.197
Breytingar á skammtímalíðum:						
Óinnheimtar tekjur .....	0	0	0	0	0	0
	0	0	0	0	0	0
<b>Handb.fé frá rekstri (til rekstra)</b>	<b>822.745</b>	<b>(149.746)</b>	<b>673.000</b>	<b>1.500.297</b>	<b>(338.101)</b>	<b>1.162.197</b>
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>						
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	(1.085.600)	317.400	(768.200)	(2.297.600)	471.400	(1.826.200)
Söluverð rekstrarfjármuna .....	0	1.971	1.971	0	1.971	1.971
Langtímakröfur, breyting .....	29.666	(499)	29.167	29.666	(499)	29.167
	(1.055.934)	318.872	(737.062)	(2.267.934)	472.872	(1.795.062)
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>						
Framlag frá eigin fyrirtækjum .....	0	0	0	(180.777)	180.777	0
Skammtímalán, breyting .....	0	0	0	0	20.000	20.000
Tekin ný langtímalán .....	1.140.000	(190.000)	950.000	1.740.000	(190.000)	1.550.000
Afborganir langtímalána .....	(736.418)	27.799	(708.619)	(836.243)	28.515	(807.728)
Afborganir lífeyrisskuldbindinga .....	(89.000)	0	(89.000)	(99.256)	0	(99.256)
Eigin fyrirtæki, breyting .....	(206.949)	91.051	(115.898)	0	0	0
	107.633	(71.150)	36.483	623.724	39.292	663.016
<b>Breyting á handbæru fé</b>	<b>(125.556)</b>	<b>97.977</b>	<b>(27.580)</b>	<b>(143.913)</b>	<b>174.063</b>	<b>30.151</b>
Handbært fé í ársbyrjun .....	238.373	(195.073)	43.300	283.257	(234.133)	49.124
<b>Handbært fé í árslok</b>	<b>112.817</b>	<b>(97.097)</b>	<b>15.721</b>	<b>139.344</b>	<b>(60.070)</b>	<b>79.275</b>



## Yfirlýsing um stjórnarhætti og ófjárhagslegar upplýsingar, óendurskoðað

### Yfirlýsing um stjórnarhætti

Um stjórnarhætti sveitarfélagsins gilda sveitarstjórnarlög nr. 138/2011, með síðari breytingum og samþykkt um stjórn sveitarfélagsins nr. 679/2013. Bæjarstjórn er kjörin í almennum kosningum af íbúum sveitarfélagsins á fjögurra ára fresti.

Bæjarstjórn ber ábyrgð á því að til staðar sé virkt kerfi innra eftirlits og að það sé formlegt, skjalfest og sannreynt reglulega. Innra eftirlitið á að vera til þess fallið að veita vissu um að sveitarfélagið nái árangri og skilvirkni í starfsemi í samræmi við markmið sveitarfélagsins, að það veiti áreiðanlegar og réttmætar fjárhagsupplýsingar til ytri aðila og að það hliti lögum og reglum sem gilda um starfsemina.

Um áhættustýringu er vísað til ákvæða í VII kafla sveitarstjórnarlaga, s.s. um fjárstjórnarvald, bindandi áhrif ákvörðunar um fjárhagsáætlun ársins, ábyrga meðferð fjármuna, miklar fjárfestingar og skuldbindingar og takmarkanir er varðar veðsetningar og ábyrgðaveitingar. Sveitarfélagið fer að ákvæðum sveitarstjórnarlaga hvað þetta varðar.

Fjöldi fulltrúa í bæjarstjórn og nefndum, ráðum og stjórnunum á vegum sveitarfélagsins er tilgreindur í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins sem aðgengileg er á heimasíðu þess. Á heimsíðunni má einnig sjá hverjir sitja í einstaka nefndum, ráðum og stjórnunum.

Í 2. tölul. 44. gr. sveitarstjórnarlaga kemur fram regla um kynjahlutföll í nefndum sem valdar eru af bæjarstjórn. Sveitarfélagið gætir að þessum reglum við skipan í nefndir. Að því er bæjarstjórnina varðar ræðst samsetningin af röðun á framboðslista og niðurstöðum kosninga til sveitarstjórnar. Í bæjarstjórn eru 9 fulltrúar, 7 karlar og 2 konur. Þar sitja nú fulltrúar með ólíkan bakgrunn og menntun.

Um siðareglur og góða starfshætti er fjallað í 29. gr. sveitarstjórnarlaga. Sveitarfélagið hefur sett sér siðareglur, dags. 12. janúar 2011, sem aðgengilegar eru á heimasíðu sveitarfélagsins.

### Ófjárhagslegar upplýsingar

Samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 er sveitarfélag sjálfstætt stjórnvald sem er stjórnað af lýðræðislega kjörnum sveitarstjórnunum í umboði íbúa sveitarfélagsins. Sveitarfélagið sinnir þeim verkefnum sem því er fallið lögum samkvæmt, m.a. varðandi fræðslu- og uppeldismál, félagsþjónustu, æskulýðs- og íþróttamál, menningarmál, hreinlætismál og umhverfismál. Jafnframt fylgir það kröfum sem gilda um starfsemi þess í öðrum lögum, s.s. stjórnsýslulögum, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla og lögum um opinber innkaup. Einnig eru í gildi siðareglur, dags. 12. janúar 2011, sem settar hafa verið á grundvelli 29. gr. sveitarstjórnarlaga og aðgengilegar eru á heimasíðu sveitarfélagsins.

Engin veruleg frávik hafa verið greind af hálfu opinberra eftirlitsaðila eða endurskoðenda hvað varðar starfsemi sveitarfélagsins sem tengist umhverfi, félags- og starfsmannamálum, mannréttindum eða spillingar- og mútumálum.